

Reykjavíkurborg,
skóla- og fristundasvið

Reykjavík 15.4.2014

Þingskjal 751 — 414. mál.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna framlengingar á gildistíma samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.).

Í frumvarpinu er framlengdur gildistími tímabundinna bráðabirgðaákvæða í lögum sem sett voru vegna samkomulags um eflingu tónlistarnáms. Framangreint tengist kostnaðarskiptingu sem samið var um og lögfest 17.des. 2011 og snerti önnur verkefni en tónlistarnám (nr.180/2011). Framlengingin er nauðsynleg þar sem án hennar er ekki lengur lagaheimild til að draga umsamda hlutdeild sveitarfélaga í öðrum verkefnum frá framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með lögum þessum er gert ráð fyrir að umsýsluhlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði óbreytt út tímabilið.

Gildistími allra breytinganna er fjárlagaárið 2014 og því ljóst að um er að ræða skammtímaákvörðun. Mikilvægt er að nota þennan tíma til að móta framtíðarfyrirkomulag þessara mála og bregðast við og yfirvinna kerfisgalla.

Ekki er í þessari umsögn gerð athugasemd við aðra kafla frumvarpsins en þann fyrsta.

Eftirfarandi umsögn á við 3. mgr. í textanum „*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta*“ sem birtur er með frumvarpinu á vef Alþingis. Skýringar sem þar eru gefnar á vandanum sem við blasir gefa óljósa mynd.

Samkomulag um eflingu tónlistarnáms frá 2011 er um margt gallað og hafa ríki og borg auk þess lagt í það ólíkan skilning. Umfang tónlistarnáms á þeim stigum sem falla undir samkomulagið hefur reynst mun meira en upphaflega var ráð fyrir gert. Gallarnir hafa því komið berlegar í ljós en ella. Ríki fullfjármagnar ekki tónlistarnám á þessum námsstigum sem um ræðir þó svo að í öllum lögum og reglugerðum sé notað orðalagið „*greiðir ríkissjóður árlegt framlag á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað*“. (1.kafli, 1.gr.) Mismunur kostnaðar sem skapast vegna kennslumagns sem sótt er um frá sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs og þeirra fjármuna sem dreift er á vegum ríkisins er verulegur, eða um 170 m.kr. árið 2014 samkvæmt áætluðum útreikningi Reykjavíkurborgar. Er þá miðað við að hver stund (umreiknuð grunnnámsstund) sé fjármögnuð með sömu krónutölu og sambærileg eining

í samningum Reykjavíkurborgar um þau námsstig í tónlist sem hún hefur gert samninga um við tónlistarskóla. Ríkið fjármagnar með framlagi sínu árið 2014 um 75% þess kennslumagns sem sótt er um og vísar til ábyrgðar sveitarfélaga á málaflokknum þegar vakin er athygli á þessum fjármögnunarfundi. Sveitarfélögum er hins vegar með engu móti gert kleift að stýra kennslumagninu, né heldur er skólum gert kleift að laga kennslumagn skólanna að þeim fjármunum sem þeim berast frá ríki. Minnki skóli kennslumagn til samræmis við raunkostnað (meðaltalskostnað hverja stund) skapast samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs skilaskylda á fjármunum í sama hlutfalli. Þannig er ekki hægt að kenna nemenda í fullu námi á þessum námsstigum hallalaust án aðkomu sveitarfélagsins, sem þó hefur enga stjórn á heildarkennslumagninu því sem skóli er skuldbundinn til að kenna í tengslum við framlagið frá Jöfnunarsjóði.

Breyta þarf úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs strax og samræma það fjármagn sem lagt er fram og það kennslumagn sem fyrir það fæst. Það er hægt að gera með því að taka upp viðmið um fullfjármagnaða umreiknaða grunnnámsstund. Hvorki ríki né borg eru líkleg til að samþykkja ábyrgð á því fjármagni sem vantar án þess að fyrir hendi séu aðferðir til að stýra hversu mikið kennslumagn er samþykkt hverju sinni og þannig hafa áhrif á fjárhæðina. Þetta er sá vandi sem ráða þarf fram úr á framlengdum gildistíma samkomulagsins. Það er hægt að gera í reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Slíkar efnislegar breytingar, og aðrar sem þarf að gera jafnhliða, hafa ekki áhrif á þetta frumvarp sem eingöngu er sett fram til að tryggja kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í öðrum verkefnum sem tengjast samkomulaginu frá 2011.

Fylgiskjal I

Í fylgiskjali I með lögum þessum er umsögn Mennta – og menningarmálaráðuneytis. Þar segir: „*Á árinu 2014 veitir ríkissjóður framlag að fjárhæð 520 millj. kr. til tónlistarnáms á vegum sveitarfélaga sem ætlað er að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi, óháð búsetu*“.

Þetta er mjög þröng og um leið röng túlkun á samkomulaginu enda ljóst að ekki þarf ríflega hálfan milljarð króna til að leysa það verkefni eitt og sér. Samkomulaginu var ætlað að efla tónlistarnám í landinu með því að standa straum af kennslu- og stjórnunarkostnaði við tiltekin námsstig og jafna aðstöðumun nemenda. Orðalag í fylgiskjali I gefur tilefni til að ítreka þetta.